

Árneshreppur  
Bolungarvíkurkaupstaður  
Ísafjarðarbær  
Kaldrananeshreppur  
Reykholahreppur  
Strandabyggð  
Súðavíkurhreppur  
Vesturbyggð

Ísafirði 4. september 2026

## **Boðun á 71. Fjórðungspings Vestfirðinga að hausti.**

Með þessu bréfi er hér með boðað til 71. Fjórðungspings Vestfirðinga að hausti. Þingið verður haldið í Félagsheimilinu á Patreksfirði 27-28. október nk. Boðið verður til viðburðar kvöldið áður, 26. október í "hitting í byrjun kjörtímabils" frá kl. 19:30-22:00 á Fosshótel Vestfirðir

Vinsamlegast komið upplýsingum áleiðis til fulltrúa í sveitastjórnnum ykkar.

Hlekkur fyrir skráningu á þingið ásamt dagskrá og gögnum má finna hér;

### [Skráning og gögn](#)

Viðfangsefni þingsins er samkvæmt samþykktum og tillögu sem samþykkt var á 71. Fjórðungspings á kosningarári og er umfjöllunarefni þingsins að þessu sinni tvíþætt,

A. Kynning starfsmanna Vestfjarðastofu á verkefnum

B. Sameiginleg verkefni sveitarfélaga á Vestfjörðum

Allar ályktanir þurfa að berast skriflega á þingið og æskilegt að þær bærust eigi síðar en 4 dögum fyrir þing en þó er heimilt að leggja fram skriflegar ályktanir á þinginu sjálfu. Ályktanir sendist á [magnea@vestfirdir.is](mailto:magnea@vestfirdir.is)

**Gisting** - Fjórðungssambandið mun sjá um bókanir og skipulag í kringum það. Við höfum fengið Fosshótel Vestfirði til að opna og tekið frá öll herbergi á Hótel West.

Ekki er hægt að bóka beint til þeirra og fara því allar bókanir í gegnum FV með því að skrá sig á þingið. Ef einhverjar spurningar vakna þá endilega sendið á [magnea@vestfirdir.is](mailto:magnea@vestfirdir.is)

**Það er mjög mikilvægt að skrá sig og skrá sig sem fyrst!**

F.h. Fjórðungssambands Vestfirðinga  
Aðalsteinn Óskarsson, sviðsstjóri